



Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 29. árg.

Október 2014

*„En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis,
þá mun allt þetta veitast yður að auki.“ (Matt. 6:33)*



„Skóli trúarinnar“

Það haustar – lafin sölva og gránar í fjöllum. Kaflaskil árstíðanna hafa sína stemningu og fegurð. Þau minna okkur á þann gang lífsins að kynslóðir koma og kynslóðir fara, allar sömu ævigöng. Skólarnir allir, mörgu og góðu, hafa hafið sín störf við að búa hina ungu undir lífið, hlutverkin og störfín, sem framundan bíða. Við erum öll meðvitund um mikilvægi þessa, að efla og útbúa hina ungu sem mest og best svo þau geti lifað sjálfum sér til gagns og gleði og samfélaginu til bóta og framfara.

En einn er sá skóli sem ekki má gleymast – skóli trúarinnar. Frá sjónarhóli alls þess sem eilífðargildi hefur er hann mikilvægastur þeirra allra (I Kor. 13). Í þeim skóla er endurtekningin og ræktarsemin mikilvægari en nýjungarnar. Iðkun trúarinnar merkir að við opnum Guði dyr hjartans að hann megi þar rita þær rúnir trúarinnar, sem vekja og glæða allt hið góða, sem hann hefur fólgið í sálu hvers barns. Fyrir þá andlegu leiðsögn

vaknar viljinn til hins góða og fagra. Fyrir þá leiðsögn fæðist hvers konar Guði þóknanleg lífsleikni, því áður var vakinn viljinn til umhyggju, ábyrgðar og miskunnsemi.

Í skóla trúarinnar er hvers konar heilnæm fræðsla mikilvæg. En tilbeiðslan er þar mikilvægust, því í henni og fyrir hana er okkur lyft upp til hæða svo við mættum líta alla hluti í því ljósi sem Kristur er og gefur. Hann er hið sanna ljós sem upplýsir hvern mann sem við því tekur og veitir Guði þóknanlega og heilnæma lífssýn.

Kirkjan þín er stofnuð til að vera okkur þessi skóli trúar og lífs. Skóli þeirrar nándar við höfund lífs og heims sem veitir þekkinguna á því sem mestu varðar. Hlýtum því kalli Drottins er hann segir við okkur öll: „Komið til mín, komið og sjáið.“

*Gunnlaugur Garðarsson
sóknarprestur*



Berglind Ólöf, Sigurvin Elí og sr. Jón Ómar.

Nýr prestur

Jón Ómar Gunnarsson er nýr prestur við Glerárkirkju. Hann var settur í embætti 30. ágúst síðastliðinn af prófasti. Jón Ómar er 32 ára gamall og hefur þjónað frá 2008 sem æskulýðs- og skólaprestur KFUM og KFUK og Kristilegu skólahreyfingarinnar í Reykjavík. Jón Ómar hefur stundað framhaldsnám í guðfræði við Luther Seminary í St. Paul, Minnesota í Bandaríkjunum.

Hann er giftur Berglinni Ólöfu Sigurvinsdóttur, hjúkrunarfræðingi og eiga þau þriggja ára son, Sigurvin Elí Jónsson.

Uppáhalds ritningarvers hans er úr Spádómsbók Jesaja 12. kafla:

„Þér munuð með fögnuði vatni ausa úr lindum hjálpræðisins.“



Gunnlaugur Davíð, Elías Ingi, Sunna Krístrún og Eyjólfur Jökull.

Nýr djákni

Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir er nýr djákni við Glerárkirkju. Hún var vígð 14. september síðastliðinn í Dómkirkjunni og var sett í embætti djákna í Glerárkirkju 28. september.

Sunna Krístrún er 33 ára gömul og hefur mikla reynslu af barna- og æskulýðsstarfi. Hún hefur t.a.m. starfað sem leiðtogi og forstöðukona í fjölmörgum sumarbúðum og hefur gegnt stöðu æskulýðsfulltrúa, leikskólakennara og aðstoðarleikskólalastjóra. Auk djákna-menntunar er Sunna Krístrún mennt-

aður leikskólakennari úr Kennaraháskóla Íslands.

Hún er gift Elíasi Inga Björgvinsyni meistarasnema í máltækni og saman eiga þau tvo drengi, Gunnlaug Davíð 4 ára og Eyjólf Jökul 3 ára. Sunna Krístrún er dóttir Gunnlaugs Garðarssonar sóknarprests.

Uppáhalds ritningastaður hennar er: Sálmur 86:11 „Vísu mér veg þinn Drottinn, að ég gangi í sannleika þínum, gef mér beitt hjarta, að ég tigni nafnið þitt.“

12 sporin í Glerárkirkju

Boðið er upp á Tólf sporin, sem er mannrækt og andlegt ferðalag, í Glerárkirkju á mánudögum kl. 19:30. Um er að ræða námskeið eða vinnuferli þáttakenda þar sem rætt er um lífið og tilveruna. Fyrstu 3 fundirnir eru opnir öllum og hægt er að kynna sér efnið á þeim, eftir það lokast hóparnir og ekki fleirum bætt við. Tólf spora vinna hentar öllum þeim sem í einlægni vilja dýpka sínar tilfinningar og öðlast betri líðan og meiri lífsfyllingu. Unnið er eftir vinnubókinni *Tólf sporin-Andlegt ferðalag*. **Mánudagurinn 6. október er síðasti opni kynningarfundurinn, frá og með 13. október verður unnið í lokuðum hópum.**

Barna- og æskulýðskórar Glerárkirkju

Í Glerárkirkju eru starfræktir tveir kórar fyrir börn frá 7 ára til 16 ára. Barnakór Glerárkirkju er fyrir börn í 2. - 5. bekk og æfir kórinn einu sinni í viku, á miðvikudögum kl. 16 - 17. Æskulýðskór Glerárkirkju er fyrir börn í 6. - 10. bekk og æfir á miðvikudagskvöldum kl. 17-18.

Hlutverk kóranna er að koma fram í fjölskyldugæðsþjónustum einu sinni í mánuði, auk annarra verkefna sem kunna að koma upp, t.d. hafa kórnir sungið við hátíðarhöld á Ráðhústorginu á adventunni.

Stjórnandi Barna- og æskulýðskórs Glerárkirkju er Margrét Árnadóttir og henni til aðstoðar er Rósa Tómasdóttir.

Þátttaka í kórarstarfi Glerárkirkju er ókeypis og er öllum á aldrinum 7 - 16 ára velkomið að vera með.

Frekari upplýsingar fást hjá Margréti Árnadóttur (margret.a73@gmail.com).



Rósa og Margrét.

Leiðsögn um Nýja testamentið í Glerárkirkju

Á miðvikudagskvöldum í október og nóvember mun Glerárkirkja í samstarfi við Eyjafjarðar – og Þingeyjarprófastsdæmi bjóða upp á samræðu um rit Nýja Testamentisins. Á fræðslukvöldunum verða dregnar fram grundvallarhugmyndir í ritum Nýja testamentisins. Fjallað verður um höfundana, stund og stað ritanna, þýðingu þeirra fyrir kristna söfnuði og bænalið þeirra.

Að kynningu lokinni verða samræður yfir kaffibolla um efni kvöldsins. Bókin *Leiðsögn um Nýja testamentið* eftir William Barclay verður höfð til hliðsjónar og verður hægt að kaupa hana á fræðslukvöldinu.

Dagskrá:

- 8. október:** *Nýja testamentið og vandi túlkunarinnar.*
Dr. Clarence Glad.
- 15. október:** *Markús og Matteus. Brúin á milli Gamla og Nýja testamentisins.* Sr. Jón Ármann Gíslason.



- 22. október:** *Markús og Lúkas - Vinur binna vinasnaudu.*
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir.
- 29. október:** *Jóhannesarguðspjall - Hugur Guðs í holdi manns.*
Sr. Gunnlaugur Garðarsson.
- 5. nóvember:** *Postulasagan - Frumkirkjan og boðskapur hennar.*
Sr. Hildur Sigurðardóttir.
- 12. nóvember:** *Galatabréfið - Frelsi kristins manns.*
Sr. Guðmundur Guðmundsson.
- 19. nóvember:** *Bréf Jakobs, Péturs og Hebreabréfið.*
Sr. Sigurður Ægisson.
- 26. nóvember:** *Jóhannesarbréfin og Opinberunarbókin.*
Sr. Jón Ómar Gunnarsson.



Hermann Ragnar.

Nýr kirkjuvörður kominn til starfa

Við bjóðum Hermann Ragnar Jónsson velkominn til starfa á þessu hausti sem kirkjuvörður Glerárkirkju. Hann er kirkjuvinur að góðu kunnur vegna starfa sinna fyrir kirkjuna til marga ára. Hermann hefur setið um árabíl í sóknarnefnd Glerárkirkju. Hann hefur verið virkur meðlimur í kór kirkjunnar, aðstoðað í barnastarfi og verið meðhjálpari.

Fráfarandi kirkjuverði, Sigríði Albertsdóttur, þökkum við öll hennar störf, fádæma alúð og vandvirkni.



Glaðir foreldrar og börn á foreldramorgni.

Foreldramorgnar í Glerárkirkju

Í haust verða foreldramorgnar fyrir foreldra og börn í Glerárkirkju kl. 10 - 12 á fimmtudagsmorgnum. Foreldramorgnar Glerárkirkju stefna að því að vera vettvangur foreldra og börn til að hittast, spjalla og fá sér kaffisopa saman. Á foreldramorgnum skapast tækifæri til

kynnast öðrum foreldrum með börnum á sama aldri í svipuðum aðstæðum. Því til stuðnings og dýpkunar bjóðum við upp á fræðslu frá góðu fagfólki á Akureyri fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði.

Sunna Kristrún djákni og leikskólakennari heldur utan um stundirnar, en

hún hefur stjórnað krílasálmanámskeiðum og mun kenna eitt lag á hverjum foreldramorgni. Allar stundir byrja á morgunbæn og svo verður einn krílasálmur kenndur.

Nánari upplýsingar er að finna á www.glerarkirkja.is.

Helgihald í Gleráarkirkju á næstunni



Sunnudagurinn 5. október

- ★ 11:00 Fjölskyldugudspjónusta
Barna - og Æskulýðskór Gleráarkirkju syngur.
- ★ 20:30 Kvöldmessa
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 12. október

- ★ 11:00 Barnastarf og messa
Sameiginlegt upphaf í messu. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagur 19. október

- ★ 11:00 Barnastarf og messa
Sameiginlegt upphaf í messu. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.
- ★ 20:30 Kvöldgudspjónusta
Krossbandið leiðir almennan söng.

Sunnudagur 26. október

- ★ 11:00 Barnastarf og messa
Sameiginlegt upphaf í messu.

Sunnudagurinn 2. nóvember

- ★ 11:00 Fjölskyldugudspjónusta
Barna - og Æskulýðskór Gleráarkirkju syngur.
- ★ 20:30 Kvöldmessa
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 9. nóvember

- ★ 11:00 Barnastarf og messa
Sameiginlegt upphaf í messu. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 16. nóvember

- ★ 11:00 Barnastarf og messa
Sameiginlegt upphaf í messu. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.
- ★ 20:30 Kvöldgudspjónusta
Krossbandið leiðir almennan söng

Sunnudagurinn 23. nóvember

- ★ 11:00 Barnastarf og messa
Sameiginlegt upphaf í messu. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 30. nóvember

- ★ 11:00 Barnastarf og messa
Sameiginlegt upphaf í messu. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.
- ★ 20:30 Aðventukvöld

Sunnudagaskóli Gleráarkirkju

er alla sunnudaga kl. 11 og hefur upphaf í messunni. Þá sunnudaga sem fjölskyldugudspjónustur eru, er sunnudagaskólinn hluti af þeim.

Athugið: Eldri borgara samverur verða í kirkjunni fimmtudagana 16. október og 20. nóvember kl. 15:00. - Kaffiveitingar og gott samfélag.

Vígðir þjónar og starfsfólk Gleráarkirkju

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: gunnlaugur@glerarkirkja.is

Sr. Jón Ómar Gunnarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: jonomar@glerarkirkja.is

Djákni: Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir .

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864-8451 (gsm). Netfang: sunna.krístrun@glerarkirkja.is

Umsjónarmaður er Haukur Þórðarson. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju) og gsm 661-7700 Netfang: haukur@glerarkirkja.is

Organisti er Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og gsm 853 8001. Netfang: valmar@glerarkirkja.is

Kirkjuvörður er Hermann Jónsson, gsm 861 2025.

Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Gleráarkirkju er að finna á www.glerarkirkja.is

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – www.glerarkirkja.is – glerarkirkja@glerarkirkja.is

